

Reggio fréttir

Ritstj. Guðrún Alda Harðardóttir og Kristín Dýrfjörð

2 tbl. 3. árg.

Ágætu vinir

Hér sér dagsins ljós nýtt eintak Reggio fréttar, og er nú brotið í blað í okkar stuttu sögu. Fyrsti leikskólinn sem starfar í anda Reggio greinir hér frá starfi sínu og er það von okkar að sú hefð eigi langa lífdaga fyrir höndum.

Málþing um yngstu börnin verður haldið hér á Akureyri 8. júní n.k. Þar munu flytja erindi leikskólakennarar af Eyjafjarðarsvæðinu og frá Háskólanum á Akureyri. Er það von okkar að sem flestir sjái sér fært að taka þátt.

Vegna anna verður grein um yngstu börnin að bíða næstu útgáfu, sem vonandi verður í júní.

Með kveðju

Kristín og Guðrún Alda

Efnisyfirlit:

„Ég verð að hafa opin augun til að sjá“	1
Stefanía Sigmundsdóttir	
Umönnuneda skólun hvort er mikilvægara í leikskóla?.....	3
Kristín Dýrfjörð	
Hugmyndir að hvernig nýta má tölvu og upplýsingatækni í leikskólastarfi	10
Björg Vigfúsína Kjartansdóttir	

„Ég verð að hafa opin augun til að sjá“

Fréttapunktur frá leikskólanum Kiðagili, Akureyri
Stefanía Sigmundsdóttir, leikskólakennari

Í tæp tvö ár, eða frá hausti 1999, hefur starfsfólk leikskólans verið að þróa starfið í átt að aðferðafræði Reggio Emilia.

Eftir miklar vangaveltur og langar umræður var það mat starfsfólksins að sú sýn sem aðferðafræði Reggio byggir á væri eitthvað sem það gæti hugsað sér að kynnast nánar og vinna eftir.

En sýnin byggist á því að:

- Bera virðingu fyrir barninu sem færur og hæfur nemenda.
- Hvetja barnið til að rannsaka umhverfi sitt og nýta öll tjáningarform sín.
- Kennarar vinna með börnunum, deila með þeim uppgötvunum og upplifunum.
- Efla samvinnu milli, foreldra, kennara og barna.
- Stuðla að auknum tengslum barnsins við samfélagið sem það lifir í.
- Umhverfið sé haft vinnuhvetjandi og efniviður aðgengilegur.

- Vinna með börnunum í litlum hópum og skrá samskipti og vinnuferli.

Þessa tvo vetur hefur starfað með okkur verkefnastjóri og sérfræðingur frá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, Sigríður Síta Pétursdóttir. Starfsfólkinu er skipt niður í les- og umræðuhópa. Þar sem tekið er fyrir lesefnið og einnig ýmsar hugmyndir sem tengjast því, auk þess spurningar og vangaveltur starfsmanna. Þessir umræðutímar hafa gefist vel og að mati starfsmanna verið þeim ómetanlegir í kjölfar lesturs á fagefninu og til að þróa vinnu sína áfram.

Helstu áherslur, í þessum fyrstu skrefum okkar, eru uppeldisleg skráning á einstaka þáttum starfsins. Þar sem áhersla hefur verið lögð á að skrá niður umræður barna og viðfangsefni í hópastarfi.



Skráningar

Skráningarnar eru gerðar aðgengilegar foreldrum ásamt sýnishornum af verkum barnanna og ljósmyndum.

Skráningar eru ekki eingöngu gagnlegar og fræðandi fyrir líðandi stund. Heldur eru þær mikilvægt tæki til að sýna foreldrum, starfsmönnum, börnum og jafnvel ráðamönnum hvað hefur verið að gerast hjá okkur fyrir einum, tveimur mánuðum eða jafnvel ári síðan. Sem sagt söguleg heimild sem við höfum svo reynt að draga saman í hefti handa hverju barni að vori.



Áhrif á daglegt starf

Í daglegu starfi finnst okkur við heyra hvernig framkoma starfsfólks hafi tekið breytingum. Þá sérstaklega hvernig er talað við börnin, þau spurð opinna spurninga, málin lögð upp til þeirra og reynt að laða fram hugmyndir og vangaveltur

þeirra. Þetta kemur heim og saman við hugmyndir Loris Malaguzzi (1920-1994) sem gagnrýndi ítroðsluaðferðir skólanna en lagði þess í stað áherslu á að þekking snerist um að skapa og uppgötva.

Malaguzzi var frumkvöðull og helsti hugmyndasmiður þeirrar aðferðafræði sem þróaðist í borginni Reggio Emilia á Ítalíu. Þaðan barst óður hennar, fyrst til Svíþjóðar og síðan hingað til lands á níunda áratugnum. Vegurinn er langur og leiðin löng og með það að leiðarljósi horfum við fram á veginn og tökum eitt skref í einu.



Gullkorn: (vorum að ræða um augun og sjónina) þegar 5 ára stúlka segir: „Ég verð að hafa opin augun til að sjá“

Við á Kiðagili skorum á Iðavöllum að grípa boltann og segja frá starfinu þar.

Umönnun eða skólun hvort er mikilvægara í leikskóla?

Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri

Hvernig lítur leikskóli framtíðarinnar út? Verður það kennslumiðuð stofnun þar sem nám fer fram í gegn um miðlun, fræðslu í sérstökum leikskólakennarastýrðum stundum eða verður það skóli þar sem áherslan er á tengsl sem byggjast á hlýju og trausti? Staður þar sem börn og starfsfólk eru samverkamenn og rannsaka veröldina saman? Ég hef verið að velta vöngum yfir hugtökunum umönnun annarsvegar og menntun eða skólun hinsvegar, hvort að þessi hugtök séu í raun andstæður eða forsendur hvors annars. Á ensku er til hugtakið „educare“ þar sem hugtökunum umönnun og menntun er steipt í eitt. Undanfarin ár hefur héraendis verið lögð áhersla á skólahugtak leikskólans og skólunarhlutverk hans reyndar með leikívaði. Nýjar rannsóknir m.a. á heilanum styðja aftur við að í leikskólanum sé umönnun gert hátt undir höfuð. Í þessari grein ætla ég að kafa í brunn minninganna. Rifja upp umræðuna eins og hún snéri að mér. Ég velti upp spurningum en það verður að viðurkennast að fátt er um svör.

Að breyta sjálfsmýnd

Ég hef í mörg ár verið upptekin af skilgreiningum á hugtökum og tel eins og margir aðrir að hvernig við skilgreinum hugtök hafi áhrif á hugmyndir okkar um merkingu þeirra. Leikskólakennarar hljóta almennt að vera sammála mér, allavega þær sem telja það hafa skipt máli að skipta um starfsheiti, frá fóstru til leikskólakennara og frá dagheimilum til leikskóla. Ef þær teldu þessar skilgreiningar ekki hafa skipt máli þá létu þær það ekki pirra sig þegar almenningur eða fjölmiðlar nota gömlu hugtökin. Við skiljum nefnilega veröldina í

gegnum skilgreiningar okkar á henni. Áður en breytingin á starfsheitinu var gerð hafði átt sér stað nokkur umræða innan stéttarinnar um ímynd og hvernig hægt væri að breyta henni.

Var þetta í kjölfar stofnunar stéttarfélags leikskólakennara. Okkur var gert ljóst að við yrðum að breyta ímyndinni, frá þessum allt umvefjandi konum, sem alla elskuðu og öllum björguðu, yfir í það að vera fagmenn, vera kennarar. Þessi breyting var m.a. talin ein forsenda þess að aðrir tækju okkur alvarlega m.a. við samningaborðið. Umræðan í stéttinni á þessum tíma fólst mikið í því að við mættum ekki kæfa börnin, ekki mæðra þau eins og ein ágæt leikskólakennari sagði. Við erum að kenna aga og vinnubrögð, vera félagsmótandi, en okkur er ekki ætlað að vefja börn í bómull. Og okkur á dagheimilunum, af því að ég var nú dagheimilisfóstra, sárnaði ógurlega. Fannst hinar ekki skilja í hverju okkar starf var fólgið, þær væru í vernduðu umhverfi, mættu aldrei því sem við gerðum. PS. Á þessum tíma hélt ég líka nefnilega stundum að ég væri félagsráðgjafi.

Umræðan hefur að mínum dómi markað stéttina og á margan hátt gert henni erfitt fyrir, hún hefur því að þessu leyti verið í tilvistarkreppu. Ekki vitað hvar hún á að staðsetja sig. Við á dagheimilunum vorum þær sem umvöfðum, vorum mildar, góðar og redduðum öllu og allt í einu eru þessi hugtök neikvæð og við viljum losna undan þeim. Þeim fylgdi svo lítill virðing, þau skiluðu svo litlu í budduna. Þær í leikskólunum þurftu líka að takast á við breyttan hóp og breyttar aðstæður. Allt í einu urðu okkar daglegu vandamál þeirra vandamál. Og svo öll þessi umræða um hvort leikskólinn væri menntamál eða félagsmál, eigum við heima hjá félagsmálstjórum eða í skóladeildum? Sú umræða styrkti það viðhorf meðal stéttarinnar að leikskólinn væri skóli, þar færi fram menntun að við værum kennarar.

Hvernig stétt viljum við vera?

Í tengslum við fundarherferð félagsins um leikskólakennara sem fagstétt hélt þáverandi formaður Selma Dóra Þorsteinsdóttir erindi um einkenni fagstétta. Var þar tæpt á ýmsu svo sem því að vera skuldbundin starfinu og það að vera í fullu starfi. Í tengslum við þessa umræðu varð okkur jafnframt ljóst að enginn gæti gert þessa breytingu á viðhorfum almennings til leikskólans nema við sjálfar. Við yrðum að bera höfuðið hátt, vera stoltar og koma því sem við værum að gera á framfæri. Gera starfið sýnilegt. Og við völdum skólaleiðina.

Leikskólakennarastéttin ákvað að skilgreina sig sem kennarastétt fremur en umönnunarstétt. Kristallaðist sú áherslubreyting í breytingu á starfsheiti, frá því að vera fóstrur, sá sem fóstrar og nærir til þess að vera kennarar, sá sem leiðir og kennir. En fyrsta opinbera vísbendingin um þessar breyttu áherslur kom fram í frumvarpi til laga um leikskóla og svo í kjölfar samþykktar í lögum um leikskóla 1991¹ en þá fá dagheimili, dagvistunarstofnanir og leikskólar samheitið leikskólar og forstöðumenn þeirra nafnið leikskólastjórar. Leikskóli er skóli þar sem nám fer fram í gegn um leik. Þessi breytta sýn kom líka fram í riti menntamálaráðuneytisins *Til nýrrar aldar*ⁱⁱ sem kom út 1990 eða ári áður en löggin eru sett, (reyndar var þá búið að leggja fram frumvarpið með greinagerð). Þar segir m.a. að leikskólinn sé nú fyrsta skólastigið í íslenska menntakerfinu og þar af leiðandi sé hugtakið leikskóli tekið upp. Jafnframt er þess getið að *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*, sé sambærileg, *Aðalnámskrá grunnskóla*. Áherslan var því á augljóslega hugtök tengd skólahugsun.

Í kjölfar lagasetningarinnar er atkvæðagreiðsla meðal leikskólakennara um starfsheitin leikskólakennari og fóstra. Leikskólakennarastarfsheitið vann þar yfirburðasigur og í kjölfarið

var það tekið upp í kjarasamningum (sjá fréttabréf FÍL)ⁱⁱⁱ og síðar í lögum^{iv}.

En þessar breytingarnar á ytri umgjörðinni áttu sér stað án þess að samtímis væri áherslubreyting í grunnnámi stéttarinnar. Ef námskrá Fósturskólans frá því 1984^v er borin saman við námskrá 1996^{vi} eru lýsingar á námskeiðum og því sem er kennt þar nokkurn veginn samhljóma, jafnvel er verið að kenna sömu bækurnar. Þetta var því opinber breyting á umgjörð en ekki innihaldi. Sem meira var, nú steiptist yfir okkur og við lentum í hringiðu umræða um hvort að leikskólinn ætti e.t.v. fyrst að vera þjónustustofnun svo menntastofnun og e.t.v. kannski uppeldisstofnun. Umönnun hmmm?

Hvað er umönnun og hvað er menntun?

Þegar ég var í Fósturskólanum (1983 –1986) var kennd bókin *Barnehagen* eftir Evu Balke^{vii}, þar leggur hún áherslu á umönnunarhlutverk leikskólans. Balke segir reyndar að umönnun sé forsenda menntunar. Þar kemur líka fram að innan leikskólans hefðu tvö sjónarhorn lengi tekist á. Annað byggði á leikskólanum sem uppeldi sog umönnunarstofnun hitt á hugmyndum um forskólun. Balke telur jafnframt að umönnunarsjónarmiðið hafi verið sterkari í heilsdagsleikskólanum en skólasjónarmiðið í hálf dagsleikskólum. Sjálf hafnar hún þessari skiptingu og telur eins og fyrr sagði að umönnunsem og ástúd og kærleikur til barna sé undirstaða alls náms sem þar fer fram. *Barnehagen* var lengi kennd við skólann og má telja hana eitt höfuðrita hagnýtu uppeldisfræðinnar og þannig haft mótandi áhrif á starfshætti og hugmyndir í íslenskum leikskólum. Hvað skiptir eiginlega máli í starfinu? *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*^{viii} kom fyrst út í handriti 1984 og svo ári seinna sem leiðbeining um starfshætti og hugmyndafræði fyrir leikskóla. Það er því ekki úr vegi að líta aðeins á hvað þar stendur um hugtakið umönnun. Ég vel að taka út formlega skilgreiningu. Samkvæmt Uppeldisáætlun er þá:

Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast nán tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Slík tengsl veita börnunum öryggi til þess að láta í ljós tilfinningar sínar, leika sér frjálst og skapandi, eiga frumkvæði, kanna umhverfi sitt og standa á eigin fótum eftir því sem þau hafa þroska til.

Þannig má vera ljóst að alveg frá því að Uppeldisáætlun kom fyrst út hefur verið lögð opinber áhersla á umönnunarþátt starfsins og tengsl umönnunar og samskipta. En á einhvern hátt virðist sem leikskólakennarar líti umönnunarhluta starfsins sem kæfandi, hann sýni þjónustu en ekki nám og haldist þar af leiðandi ekki í hendur við skólahugsunina sem speglast í nafninu leikskóli. Ég er ekki að hafna skólahugsun, heldur legg ég áherslu á að þetta verði að fara saman, umönnun sé undirstaða menntunar. Ég tel skilgreiningu Guðmundar Finnbogasonar^{ix} (frá 1902) á menntun það að verða að manni verða að meira manni og þroska allar mannlegar eigindir vera þá sem horfa á til í leikskóla þegar verið er að ræða um menntun. Og hvernig er hægt að verða að meira manni, nema til komi umhyggja, hlýja og traust.

Dagskipulag, námskrá og leikur

Dagskipulag – er skipulag yfir fasta þætti í starfinu. Segir hvar á að vera og hvað að gera, á hverjum tíma. Stíft dagskipulag, lauslegt dagskipulag og allt þar á milli. Reyndar er það svo að í sumum leikskólum er búið að gefa dagskipulaginu nýtt nafn, heitir það nú stundarskrá leikskólans.

Í dagskipulaginu eru oft til skiptis fullorðinsstýrðarstundir og svo kannski val eða leikur sem eru þá barnstýrðar stundir. Hópastarf, verkefni sem við ákveðum hvað á að gera, matur, samvera – **fullorðinsstýrt**, frjáls leikur – **barnstýrt**. Stundum vel ég sem barn fullorðinsstýrt viðfangsefni, (í vali), stundum barnstýrt.

Ég hef heyrt því fleygt í leikskólanum að fólki finnst það ekki vera að gera neitt með börnunum, ef ekki eru fullorðinsstýrðar stundir, þá sé það ekki að vinna, fólk hefur á tilfinningunni að það sé bara að hangsa. En hvað einkennir þessar fullorðinsstýrðu stundir öðru fremur? Er það umhyggja, tengsl, leikur eða kennsla kannski allt? Hvernig skilgreinina leikskólakennarar það sem fram fer? Í hverju er starfið okkar fólgið?

Eftir áramót 1999 skrifaði leikskólastjóri greinar í Morgunblaðið^x þar sem hún lýsti þeirri skoðun sinni að leikskólakennarar ættu að vera eins og kennarar, þær ættu að vera með börnunum í skilgreindum stundum. Annarra væri að sjá um hin daglegu störf og umönnun. Leikskólakennarinn ætti að skipuleggja og vinna í hinum skipulögðu stundum. Þannig nýttist hún best. Um greinarnar spunnust fjörugar umræður og voru margir sammála höfundinum. Ég hef jafnvel heyrt því fleygt að það sé óeðlilegt að leikskólakennari sé að sópa gólf á meðan að leiðbeinandi sé með börnin í samveru. Að sumt sé í okkar verkahring annað ekki til þess höfum við aðstoðarfólkið. Þá er meira að segja spurt til hvers að hafa háskólamenntun ef við teljum hvort sem er að allir geti gert það sem við gerum? Reyndar finnst mér að í þeirri spurningu felist vanmáttakennd og faglegt öryggisleysi.

Af sama meiði er umræðan sem var nokkuð hávær fyrir fáeinum misserum um að tíminn fyrir klukkan níu á morgnana og eftir klukkan þrjú á daginn séu geymslutímar í leikskólanum. Vegna þess að þá eigi sér stað gæsla en ekki uppeldi. (Þetta er sá tími sem frjálsi leikurinn er merktur inn á dagskipulagið). Á þessum tíma séu hvort sem er leikskólakennararnir flestar farnar heim og leiðbeinendur í þeirra störfum. Hin hliðin hlýtur þá að vera að á milli níu og þrjú sé gæðatími. Tími þar sem leikskólakennarar stjórna og starfa. Ég er sjálf andvíg þessari þróun en margir leikskólakennarar hafa lýst sig sammála þessari hugmyndafræði. Ég hef áhyggjur af því að þeir sem

aðhyllast hugmyndir um gæðatíma og fullorðinsstýrt starf, telji ekki að allt starf í leikskólanum jafn mikilvægt.

Námskrá – Í nýlegri úttekt sem Morgunblaðið^{xi} gerði á hugmyndum manna um menntakerfið á upplýsingatækniöld er viðtal við leikskólustjóra. Þar kemur fram að hún telur það vera galla í *Aðalnámskrá fyrir leikskóla* að ekki séu þar skipulögð þekkingar- eða færnisnámsmarkmið fyrir börnin eins og í grunnskólanámskránni. Skólaáherslan kemur víðar fram t.d. notar hún hugtakið leikskólanám. Hennar áherslur virðist vera á skólahugsun og markmið sambærileg grunnskólanum. Í þessari úttekt í Morgunblaðinu sem m.a. byggist á að skoða hugmyndir viðskiptalífsins um leikskóla er því sjónarmiði haldið á lofti að jafnvel sé æskilegt að færa námsefni fyrsta bekkjar grunnskóla niður í leikskóla. Þar er og þeirri staðhæfingu haldið fram að með sameiningu Fósturskólans og KHÍ sé líklegra að elstu börnin í leikskólanum fái meira krefjandi viðfangsefni. Í greininni kemur fram vanþekking á því sem er að gerast í leikskólum. Hún speglar hugmyndir manna um leikskólann sem skóla þar sem nám á forsendum grunnskólans fer fram En hún lýsir jafnframt ákveðnum viðhorfum til barna og menntunar sem byggjast á þörfum atvinnulífs framtíðarinnar að mati núverandi leiðtoga. Þær hugmyndir sem víða annarstaðar í heiminum hafa verið að ryðja sér til rúms um að framtíðin þurfi fyrst og fremst skapandi, sveigjanlega einstaklinga virðist ekki hafa náð þar inn fyrir dyr. Í ljósi þess má telja að ákveðið viðhorf til námskráa birtist þar.

Í námskrárfræðum er rætt um tvo ása námskrárfræðanna. Á öðrum ásnunum eru námskrár sem eru mjög nákvæmar (mesteplan), allt að því uppskriftir að því hvernig fólk á að vinna, sem dæmi um slíka námskrá er *Aðalnámskrá fyrir grunnskóla* og norska aðalnámskráin fyrir leikskóla. Á hinum ásnunum eru mjög opnar námskrár (minsteplan) sem eru þá nálægt því að vera heimspekilegar línur og markmið með starfinu. Sem dæmi um slíka námskrá er hægt að

nefna sænsku aðalnámskránnu fyrir leikskóla. Íslenska Aðalnámskráin fyrir leikskóla fellur einhverstaðar þarna á milli en þó að mörgu leyti nær þeirri sænsku en norsku. Þau rök sem ég tel vera gildust fyrir að velja opnu námskránnar er að þær eru taldar stuðla að: Þróun í starfi, meiri fagmennsku og gera meiri kröfu til leikskólakennara sem fagmanna. Starfið og þá skólanámskráin byggist á nýjustu rannsóknum, færni og fyrri þekkingu (sjá t.d. Rönning 1993).^{xii} Slík námskrá gerir þær kröfur að starfsfólk komi sér saman um hugmyndafræði og geri skólanámskrá í samræmi við hana. Hún byggir á trausti en ekki á forsjarhyggju.

Leikurinn – leikurinn með stóru L-ii, þessi sem við þekkjum allar og virðum, þessi sem er í hásetinu. Hvenær sem leikskólakennarar hittast og ræða saman þá ber starfið á góma og þá auðvitað leikurinn. Oft heyrast leikskólakennara segja að leikurinn sé þeirra aðalsmerki, barnið læri og þroskist í gegn um leik. En á sama tíma er sett upp dagskipulag, þar sem leikurinn er merktur inn áður en flestar þeirra mæta til starfa og þegar að þær eru flestar farnar heim. Ég hef sjálf séð svoleiðis dagskipulag og fleiri en eitt. Og þegar maður spyr afhverju. Kemur í ljós að leikskólakennarar líta sumar hverjar á valið sem ramma um frjálsa leikinn og þess vegna sé með vali líka átt við leik. Því sé auðvitað hægt að halda því fram með nokkurri sanngirni að áhersla sé á leikinn á öðrum stundum líka. En hvað er eiginlega átt við með því að valið sé rammi um frjálsa leikinn er það e.t.v. orðin nýjasta klisjan? Með því að halda því fram að valið sé rammi um leikinn er verið að halda því fram að hann sé að finna í dagskipulaginu, hann er bara ósýnilegur.

Auðvitað er þetta ekki algilt og stundum held ég meira að segja að þessu sé þveröfugt farið, leikurinn sé nýttur sem skjól til að skjóta sér á bak við. Afsökun fyrir þáttökuleysi og jafnvel afskiptaleysi. Áherslan er á leikinn en þrátt fyrir það er starfsfólk næstum laust við þáttöku í leiknum, þessu mikilsverða mótunartæki. Það má nefnilega ekki trufla leikinn! Rannsókn Jóhönnu Einarsdóttir

(1996)^{xiii} um leik og þáttöku starfsfólks í þykjustuleik í hlutverkakrök í leikskóla leiddi í ljós að algengast er að starfsfólk haldi sig fyrir utan leikinn og ryðjist jafnvel inn í hann án þess að vita um hvað hann snýst. Sú rannsókn styrkir þetta viðhorf.

Dagheimili og leikskólar

Hér á landi varð strax í upphafi tvískipting milli annarsvegar leikskóla og hins vegar dagheimila. Í leikskólunum voru börn giftra foreldra í hálf dagsvist, en á dagheimilunum voru börn einstæðu foreldrana og námsmannabörnin allan daginn. Samkvæmt því sem leikskólakennarar hafa sagt mér og ég sjálf reyndar líka reynt þá var meiri áhersla á daglega umönnun og daglegar venjur á dagheimilunum á meðan að áherslan í leikskólanum var á það að vinna að verkefnum í stærri hóp enda bauð mönnun upp á slík vinnubrögð.

Í reglugerð um leikskóla frá því 1977^{xiv} (þeirri fyrstu sem sett var um leikskólustarf) speglast þessi munur í því hversu mikið rými og mönnun átti að vera. Bæði átti að vera fleiri börn per starfsmann og minna leikrými fyrir börnin í leikskólanum en fyrir þau sem voru á dagheimilum. Í leikskólunum svonefndu var venjulegast ein leikstofa og síðan fataklefi en á dagheimilunum voru tvær til þrjár leikstofur og fataklefi. Leikskólunum svipaði því meira til kennslustofu í grunnskóla en dagheimilin áttu að vera kósý og heimilisleg.

Dagheimilisfóstra og leikskólafóstra

Leikskólakennarar skiptust líka í það sem var kallað dagheimilisfóstrur og leikskólafóstrur. Leikskólafóstran var upptekin af verkefnum og stórum hópum á meðan að dagheimilisfóstran var uppteknari af daglegum venjum, minni hópum og e.t.v. leiknum. Dagheimilisfóstrurnar voru uppteknari af

félagslegum vandamálum á meðan slíkt var nærri óþekkt á meðal leikskólafóstranna. „Þeirra” börn komu meira og minna úr einsleitum hópi giftra foreldra og ef skilnaður átti sér stað fóru börnin yfir á dagheimili eða dagheimilisdeildina. Og ef foreldrar giftu sig fluttu börnin á leikskólann. Síðari ár voru leikskólar byggðir þannig að þar voru bæði leikskóladeild og dagheimilisdeild. En áður voru þetta aðskilin hús. Heyrðist sagt að dagheimilisfóstrunar væru að jafnaði uppteknari af líðan barna og af ummönunarþáttum en leikskólafóstrunar, enda oft með viðkvæmari hóp. Dagheimilin höfðu því stundum einhverskonar barnaverndunarstimpil.

Að hefja múrbrot

Svona stóðu málin þar til að ákveðið var að fara af stað með tilraunaverkefni í nokkrum leikskólum í Reykjavík um blöndun, það er að blanda saman vistunartímum, þannig að börn á sömu deild væru í 4, 5 og 6 tíma vistun. Upphaflega var þetta m.a. gert til að nýta betur húsnæði leikskólanna. Fullnýta hverja mínútu í opnunartíma, til að það væri möguleiki varð að vera skörun á milli barna sem voru í 4, 5 og 6 tíma vistun. Þannig að í hádeginu var kannski á 20 barna deild 28–36 börn.

Í félagi leikskólakennara voru á þessum tíma fjörugar umræður um þessa nýju hugmyndir, margir aðhylltust þær, þar á meðal Selma Dóra Þorsteinsdóttir þáverandi formaður félagsins en hún var á þessum tíma verkefnisstjóri hjá borginni í tilraunaverkefninu. Vel má vera að velgengi hugmyndanna megi að hluta rekja til hennar, hún hafði ákaflega sterkt áhrifavald og var fylgin sér. Ég var á þessum tíma ein þeirra sem var á móti. Ég trúði ekki á kerfið og taldi eins og fleiri að leikskólarnir breyttust við þetta í stoppistöðvar. Man ég eftir miklum rimmum um þessar breyttu áherslur m.a. á þingum stéttarfélagsins. Á endanum keypti ég þó hugmyndafræðina og barðist eftir það fyrir henni. Þau rök sem ég sá og sannfærðu mig um

réttmætið voru fólgin í félagslegum mírum. Með því að aðskilja börn á þennan hátt sem við höfðum gert í 50 ár voru við að búa til félagslega múra á milli barna. Múra sem byggðu á stöðu foreldra. Þannig varð þetta fyrir mig á endanum spurning um mannréttindi.

Og múrarnir féllu

Samhliða tilraunaverkefninu í Reykjavík (Margrét Vallý Jóhannsdóttir 1992)^{xv} var gerð könnun á meðal foreldra í Kópavogi um vistunarþörf (Sigurlaug Einarsdóttir).^{xvi} Í kjölfarið var ákveðið að breyta rekstrarformi þar. Efst á blaði varðandi áherslur var að rjúfa félagslegan aðskilnað barna.

Félag íslenskra leikskólakennara gerði 1992 samning við Reykjavíkurborg sem hafa verið nefndir hagræðingarsamningar. Þeir gengu út á það að jafna mun á fjölda barna eftir tegundum leikskóla. Gömlu hálf dagsleikskólarnir komu yfirleitt vel út úr þessum samningum þar sem að í flestum tilfellum bættist við starfsmaður þar, á gömlu dagheimilin bættust aftur við börn en starfsmannafjöldinn stóð í stað. Samningarnir voru samþykktir. En víða var þó mikil reiði í garð okkar sem sátu í samninganefndinni, sérstaklega var það á dagheimilunum svonefndu, en þar hafði nær undantekningalaust fjölgað börnum, þau voru ekki lengur öll í sama vistunartíma (hálf dagsbörn) og ekki fjölgaði starfsfólki.

Ég veit að þetta voru umdeildir samningar, sumir segja siðferðislega, aðrir að við höfum ekki selt okkur nógu dýrt. Árið 1994^{xvii} eru svo sett ný lög þar sem staðfest er að leikskólinn er fyrsta skólastigið, í kjölfarið (1995)^{xviii} er svo sett reglugerð með ákvæðum um mönnun og fermetra. Gekk reglugerðin lengra en umræddir hagræðingarsamningar. Og við gerð síðustu kjarasamninga gekk formaður Félags íslenskra leikskólakennara á fund menntamálaráðherra með formanni launaneftdar sveitarfélaga og bað um enn fleiri barngildi á starfsmann fyrir elstu börnin og enn

færri fermetra en reglugerðin heimilaði. Sorglegast við þetta allt er að það virðist næstum vera almenn regla meðal sveitarfélaga að líta á reglugerðina sem hámark en ekki lágmark. Ekki megi vera fleiri fermetrar og ekki megi vera færri börn. Einhvern daginn ætla ég að kanna hvað hver venjuleg skrifstofublók hjá sveitarfélögum þarf mikið andrými.

Lífið eftir múr

Eftir hagræðingarsamningana voru allt í einu börn allan daginn í leikskólum þar sem áður voru eingöngu hálf dagsbörn og á dagheimilunum voru komin hálf dagsbörn. Úps hvað gerum við nú, hvernig getum við tryggt að börnin sem eru hálfan daginn fái nú ALLT sem heilsdagsbörnin eru að fá? Samveru, söng, val, kubba, leikfimi, útiveru, skapandi starf, fínhyringar, grófhreyfingar, þema, hópastarf.... Og skipulagið varð stíft. Við þurftum að komast yfir svo mikið, þessu börn mega ekki fara á mis við neitt. Og í leikskólanum hvað gerðist þar. Fyrst var spólan sett í og svo allt endurtekið eftir hádegi bara með nýjum hóp. Og barnið sem var allan daginn það fékk líka að endurtaka allt. Ekki einu sinni starfsfólkið þurfti að gera það. Það vann nefnilega bara hálfan daginn og var farið heim áður en spólan var endurtekinn. Þannig á endanum var það víst þannig að við reyndum að fella börnin inn í kerfin sem fyrir voru án þess að huga að of róttækum breytingum. Svo skiljum við ekkert í útbrunninni stétt, sem er að kikna undan kröfum og álagi.

Umönnun og menntun

Nodding (1990)^{xix} skrifar um hvernig umönnunarstofnanir geti verið. Hún telur að þær verði að vera einhverstaðar á milli heimilis og stofnunar, þar sem allir eru viðurkenndir og það er pláss fyrir alla. Hún gerir ráð fyrir að í slíkri stofnun sé lifandi umræða um markmið og leiðir og að fjölbreytt markmið og leiðir séu bæði

leyfileg og æskileg. Gert sé ráð fyrir margbreytileika. Í slíkum stofnunum þá felst umönnun í samskiptum, að fólk finni að öðru fólki standi ekki á sama og hugsi um það með væntumþykju. Umönnun felst með öðrum orðum m.a. í tengslum fólks hvort við annað og gæðum þeirra tengsla.

Í leikskólafræðum hefur hugtakið „educare” verið að ryðja sér til rúms, að umönnun og menntun fari saman, séu samþætt. Að annað geti ekki verið til án hins, bæði hafi jafnt vægi.

Pæling

Hvert leiða þessar pælingar mig. Hvar erum við staddar við árdaga nýrrar aldar. Ég spyr hvort að hægt sé að viðurkenna umönnunarþátt starfsins? Ég spyr hvort að það að vera í nánnum tengslum við staka barna geti verið meira virði en halda aga í samveru? Getum við viðurkennt að það að kunna að gleðjast og undrast með einstöku barni getur verið meira virði en 1000 áætlanir, að það að vera fagmaður (og þ.a.l. kennari) er að vera manneskja sem býr yfir fræðilegri þekkingu og getu til að sýna öðrum ástúð og samkennd? Ég held því blákalt fram.

Nýjar rannsóknir benda til þess að grundvallar öryggi og traust séu undirstaða alls annars starfs í leikskólum. Rannsóknir benda á að stíft dagskipulag geti ýtt undir ópersónuleg samskipti í leikskólanum. Rannsóknir hafa bent til að umönnun sem byggir á samkennd og nærveru séu undirstaða persónulegra náinna samskipta milli barna og starfsfólks og að andleg velferð einstaklinga og hæfileiki til að taka þátt í mannlegu samfélagi sé undir slíkum tengslum komin.^{xx} Það er til einhvers að vinna.

Ég tel að sterk fagvitund og þekking á bernskunni séu besta trygging fyrir gæðum sem hægt er að fá. Í mínum huga er ekki hægt að skilja að umönnun og menntun. Ef með hugtakinu menntun er á annað borð átt við skilgreiningu Guðmundar Finnogasonar um að í

menntun felist að þroska allar eigindir manneskjunnar en ekki haldið í þröngar skilgreiningar á skólun.

En þrátt fyrir þessa sýn mína má vel vera að framtíðin liggi í kennslumiðuðum leikskólum, þar sem leikskólakennararnir koma inn og eru með börnunum í afmörkuðum stundum. Þar sem áherslan er á skólun.

ⁱ Lög nr 48/1991

ⁱⁱ *Til nýrrar aldar, framkvæmdaráætlun menntamálaráðuneytisins í skólumálum til ársins 2000*. 1990. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

ⁱⁱⁱ Fréttabréf FÍL

^{iv} Lög nr. 78/1994

^v Námskrá Fósturskóla Íslands 1984

^{vi} Námskrá Fósturskóla Íslands 1996

^{vii} Balke Eva. 1982. *Barnehagen: införning i praktisk førskolepedagogik*. J. W. Capplen forlag A.S. Dreyer

^{viii} Uppeldisáætlun fyrir leikskóla - markmið og leiðir. 1985. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.

^{ix} Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur* (2. útg.). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands o.fl.

^x Jóhanna Thorsteinsson. 1999. Dagvist barna "Gæsluveita Reykjavíkur" *Morgunblaðið* 6. janúar og Jóhanna Thorsteinsson. 1999. Leikskólar Reykjavíkur, góðan dag *Morgunblaðið* 7. janúar

^{xi} Jóhann Ingvarsdóttir. Úttekt. *Morgunblaðið* 8. apríl 2001 bls 20 – 24. Menntunina í öndvegi á upplýsingatækniöld.

^{xii} Rönnung

^{xiii} Jóhanna Einarsdóttir 1997. *Play and the Role of Adults*. Hluti af verkefni til doktorsgráðu við University of Illinois, Urbana. Unnið á leikskólum í Reykjavík með styrk frá Rannsóknarsjóði leikskóla sem stofnaður var í minningu Selmu Dóru Þorsteinsdóttur, fyrrverandi formanns Félag íslenskra leikskólakennara. (Óbirt)

^{xiv} *Reglugerð dagvistarheimila fyrir börn* nr. 149/1977

^{xv} Margrét Vallý Jóhannsdóttir. 1992. *Leikskólaverkefnið. Þróunar- og tilraunaverkefni í fimm leikskólum*. Reykjavík, Dagvist barna.

^{xvi} Sigurlaug Einarsdóttir. 1991. Þróunarverkefni: Skýrsla um breytt rekstrarfyrirkomulag á þremur leikskólum í Kópavogi. Kópavogur.

^{xvii} Lög nr 78/1994

^{xviii} Reglugerð um leikskóla nr. 225/1995

^{xix} Noddings. Nell. 1990. Private Caring and Public Caring. *Nytt om kvinneforskning*.1(90)

^{xx} Brendstrup Sisse. 2000. *Identification of the close relations between social educators and 0-3 year old citizens in a Danish day nursery* (í Alistir Ross ritst). Cice publ. London

Hugmyndir að hvernig nýta má tölvu og upplýsingatækni í leikskólastarfi

Björg Vigfúsína Kjartansdóttir, leikskólakennari

Þessi grein er byggir á hugmyndum um hvernig hægt sé að nota tölvu og upplýsingatækni í leikskólum. Ég hef áhuga á að nýta tölvu og upplýsingatæknina með nemendum í leik- og grunnskóla. Tölvur eru frábært tæki til að gera tilraunir til að skapa með. Tölvan kemur ekki í staðin fyrir blýantinn og penslana eins og margir eru svo hræddir um. Heldur er tölvutæknin skemmtileg viðbót í skólustarfið. Hún mun auðga reynsluheim og færni nemendanna.

Í atvinnulífinu eru tölvur í alla vega formi og nýtist okkur vel til dæmis á bókasafninu, bankanum, búðakassanum og svo framvegis. Nemendur á leikskóla sjá þessi tæki allstaðar og eiga rétt á að kynnast tölvutækninni og ekki síst upplýsingatækninni. Eins og við vitum eru börn fljót að læra, þau hræðast ekki að skemma tölvuna eins og á gjarnan við um okkur fullorðna fólkið. Við mættum taka þau okkur til fyrirmyndar hvað tölvurnar varðar og gera tilraunir og læra á þetta frábæra tæki sem auðveldar okkur vinnu, samskipti og samstarf að svo mörgu leyti.

Á næstu síðum verður sett fram áætlun með markmiðum og leiðum í þróun með tölvu og upplýsingatækni í leikskóla. Að lokum er stutt þemavinnuverkefni tengt tölvu og upplýsingatækni.

Áætlunin er skoðuð út frá einnar deildar leikskóla rétt utan við höfuðborgarsvæðið. Í leikskólanum eru tuttugu börn á aldrinum eins

árs til sex ára og þrjú starfsmenn. Fáir starfsmenn kunna á tölvurnar og verður því byrjað á grunninum í tölvukennslunni.

Markmið

Markmið með UT áætlun í leikskóla

- Að vinna með tölvur og upplýsingatækni með kennurum og nemendum leikskólans svo hún verði eðlilegur og þægilegur hluti af þeirra lífi.
- Að allir verði hæfir til að nýta sér tölvu og upplýsingatækni, bæði kennarar og nemendur.
- Að tölvu og upplýsingatækni verði hluti af leikskólastarfinu.
- Að koma til móts við *Aðalnámskrá leikskóla*.

Markmið Starfsfólks

- Leikskólakennarar og starfsfólk verði tölvulæst og geti gengið í hópastarf, val og frjálsan leik með börnunum án þess að þurfa að vera hrætt við að takast á við tölvur og upplýsingatækni.
- Allir fullorðnir geti náð sér í hugmyndir, fróðleik og aðrar upplýsingar í tölvunni og á Netinu.
- Allir geti sent og tekið á móti tölvupósti.
- Allir komist á sjötta stig í þróun náms í tölvutækni, Þar sem tækin eru orðin ósýnileg og sköpunin á sér stað. (Sjá heimild Russel, Anne. L. 1996,)
- Að tölvurnar verði ein af þeim leiðum sem valdar eru til að skapa með.

Markmið með nemendum

- Nemendur þjálfist í notkun tölvu og upplýsingatækni
- Nemendur kunni að kveikja og slökkva á tölvu
- Nemendur kunni að vinna með músina
- Nemendur geti opnað og lokað forritum sem þau hafa aðgang að í tölvunni
- Nemendur geti skapað með tölvunni og þeim jaðartækjum sem hún hefur að bjóða
- (myndavél, skanna og ýmsum forritum)
- Örva fínhyrfingar, félagsþroska, vitsmunabroska, málþroska, fagurþroska, samskipti og sjálfstæði nemenda.
- •Efla samskipti milli deilda, leikskóla, landshluta og jafnvel milli landa.
- •Jafna uppeldisskilyrði barna, þar sem það eru ekki öll börn sem hafa aðgang að tölvum. Einnig eru börn í misjafnri stöðu hvað varðar kennsluforrit og búnað.

Hvernig má ná má fram markmiðunum?

Þróun UT í leikskólum

Þarfagreining

Byrja á að kanna hjá leikskólakennurum og starfsfólki hvað þeir telja sig þurfa að læra til að geta unnið með tölvur og upplýsingatækni með nemendum.

Kynna um leið ýmis forrit og búnað. Hér á eftir koma nokkur dæmi um það sem mætti kynna fyrir leikskólakennurum.

1. Ritvinnsluforrit

- Word
- Powerpoint

- Publisar
- Mindmanager

2. Myndsköpunar forrit

- Forrit sem hægt er að teikna með.
- Skannann til að skanna inn teikningar eftir börnin
- Bókin sem talar, þar sem hægt er að skanna inn myndir eftir börnin og talsetja sögu með myndunum.
- Kidpix

3. Kennsluforrit

- Leikskólinn
- Leikver
- Stafakarlarnir
- Talnapúkinn
- Önnur forrit

4. Internetið

- Leitarsíður
- Skólavefurinn
- Kidlink
- Vefsíðugerð
- Skólatorg
- Heimasíður annarra leikskóla

5. Samskipattæki

- Tölvupóstforrit

8. Búnaður

- Stafræna myndavél
- Skanna

9. Búnaður og aðstaða

- Hafa eina til tvær tölvur á deild með mótaldi og geisladrifi, prentara og skanna.
- Nettengingu.
- Eina stafræna myndavél fyrir allan leikskólann.

Símenntun kennara

- Ef ekki er tölvukennari í leikskólanum ráða þá verktaka sem er tölvu og upplýsingatæknikennari sem kemur og kennir nemendum og öllum starfsmönnum á tölvurnar, jaðartækin og forritin. Í upphafi er hlutverk verktakans að vera með nemendum og kenna þeim á tölvurnar og forritin. Kennarar fylgja hópnum sínum og læra um leið á forritin, tæki og búnað.
- Verktakinn er með vinnukvöld einu sinni í viku eða á hálfsmánaðar fresti þar sem allir geta mætt og lært á tölvurnar og forritin. (Einnig væri hægt að skipta í tvo hópa sem mæta annað hvert skipti).
- Verktakinn er til taks til að leiðbeina öllu starfsfólki þar til það hefur náð þriðja til fjórða stigi (í tækninámi, sjá heimildir) eða þörfin fyrir leiðbeiningar hans hafa minnkað.
- Ef ráðinn er verktaki mætti verkefni hans spanna tímabilið frá september þar til í maí.

- Endurmat á hvort ástæða þyki að ráða verktakann aftur eða velja það sem passar fyrir áframhaldandi starf.
- Ef þessi athugun ætti við stærra sveitarfélag væri möguleiki að ráða starfsmann sem hefði aðsetur á skólaskrifstofunni og færi á milli leikskólanna og kenndi á tölvunar. Kenna bæði nemendum og kennurum saman og vera með námskeið eða workshop eins og var lýst hér að ofan. Mætti þá blanda leikskólakennurum í hverfum til að efla samstarf milli leikskólanna. Setja mætti á verkefni með tölvupósti og spjallrás.
- Einnig þarf að hafa í huga að það er betra ef nokkrir fara saman á námskeið frá hverjum leikskóla, þar sem meiri umræða skapast innan leikskólans. Einnig að huga að því að gott er að læra á tölvunar á heimavelli.

Hvað leiðir eru farnar með nemendum?

- Þjófna nemendum að velja sér að fara í tölvunar í val tíma með leikskólakennara og tölvukennara (verktaki eða starfsmaður á skólaskrifstofu).
- Í valinu fá börnin að búa til sögur í bókinni sem talar eða powerpoint forritinu. Leika sér með ýmis kennsluforrit. Gera myndir í myndvinnsluforritinu, senda tölvupóst eða annað sem tölvukennarinn ákveður að sé í boði að velja í valstund.

Nota tölvunar í hópstarfi - þemavinnu.

- Hópurinn vinnur ákveðið þemaverkefni og nýtir sér tölvunar. Unnið er með myndvinnsluforrit, taka myndir á stafræna myndavél, senda tölvupóst, setja myndir og verkefni á heimasíðuna. Búnar til sögur í þar til gert forrit eða í powerpoint forritinu. Fara á netið og skoða aðra leikskóla. Leika sér í kennsluforritum.

Hvað er tölvu og upplýsingatækni ?

Útskýring mín á tölvu og upplýsingatækni er að nýta sér tölvunar til að auðvelda sér skipulagningu og vinnuna í skólastarfinu. Það sem við þurfum er tölva með forritum sem tengjast við netið, mótald og símtengingu, best væri að hafa síttengingu.

Með því að tengjast Netinu náum við okkur á auðveldan hátt í þær upplýsingar sem okkur vanhagar um. Það er ógrynni af upplýsingum sem liggja á Netinu og bíða þess að við nálgumst þær hvort sem það eru hugmyndabankar, kennsluefni eða aðrir leikskólar sem okkur vantar upplýsingar um. Við getum sótt okkur upplýsingar og fróðleik þegar okkur hentar og um það sem er okkur hugleiknast hverju sinni. Alltaf eru að bætast við fleiri upplýsingar. Við þurfum því ekki að fara langt til að afla fróðleiksins. Ekki er ástæða til að eyða af undirbúningstímanum í ferðir. Við getum sest við næstu tölvu sem er nettengd og náð okkur í upplýsingarnar. Jafnframt verðum við að vera dugleg að meta hvaða upplýsingar við getum nýtt okkur og hvað upplýsingar eru óáreiðanlegar.

Hvað er þemavinna?

Skýring mín á Þemavinnu er að ákveðið verkefni er tekið fyrir og það er skoðað út frá mörgum sjónahornum. Ýmsar námsgreinar eru tengdar saman eða með öðrum orðum þá á sér stað samþætting á milli mismunandi forma t.d. lestur fræðandi bóka, leikræn tjáning, tónlist og myndsköpun. Allt eftir því hverjar áherslurnar eru. Nú hefur tölvu og upplýsingatæknin bæst við til að samþætta námið.

Með tækninni hafa bæst við nýir fjölbreyttir möguleikar fyrir skólustarfið. Það sem gerir tæknina líka svo spennandi er að auðveldara er að koma á enn betra foreldrasamstarfi. Margir foreldrar geta gefið sér tækifæri til að hafa meiri samskipti og fylgjast betur með. Ef við höfum heimasíðu með nýjustu upplýsingum, jafnvel fyrir hverja deild getum við náð betur til margra foreldra. Foreldrarnir geta séð í vinnunni eða heima hvað börnin hafa verið að vinna og hvað er á dagskrá hjá þeim. Þá gætu foreldrar tekið virkari þátt með því að senda tölvupóst. Einnig mætti sjá fyrir sér að foreldrarnir skrifuðu sögur eða annað sem þeim langar til að koma á framfæri til barnanna í þar til gerða gestabók, “lokaða” samskiptabók eða með tölvupóstinum.

Svo við snúum okkur aftur að útskýringu á þemavinnunni, þá er aðal atriðið að nemandinn fái að upplifa, gera athuganir og vera þátttakandi. Nemandinn fái tækifæri til að skynja og upplifi með öllum skilningarvitunum. Nemandinn lærir með því að framkvæma. Eins og hugmyndafræði John Dewey “Learning by doing” býður okkur að gera. Einnig nýtist fjölgreindin okkur, eins og hugmyndasmiðurinn Howard Gardner bendir á. Það er trú mín að á þennan hátt lærum við best. Þemavinna er góð námsleið en krefst góðrar skipulagningar, undirbúnings, er krefjandi, en jafnframt gefandi.

Hvernig vinnur tölvu og upplýsingatækni og þemavinna saman?

Ég sé fyrir mér frábæra hluti geta átt sér stað með því að nýta sér tölvu og upplýsingatækni í þemavinnunni. Til að byrja með er hægt að sækja sér upplýsingar á Netinu. Síðan er að nýta sér forrit og fylgibúnað tölvutækninnar í tengslum við þemað. Nemendur byrja á að leita eftir upplýsingum á Netinu eða á bókasafninu eftir því sem passar best fyrir verkefnið og nemendahópinn. Þá væri hægt að setja verkefnið upp að hluta til eða að öllu leyti í tölvunni. Það fer eftir hver áherslan er.

Ýmsar útfærslur eru mögulegar með tölvunni. Allt eftir því hvað nemendahópurinn og kennarinn ákveða að leggja áherslu á.

Þemavinna verkefni í hópastarfi

Markmið þemaverkefnisins *ég sjálfur líkaminn minn og nánasa umhverfi* er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfsvitund hjá barninu. Jafnframt að örva alla þroskaþætti þess.

Markmið með þessu stutta þemaverkefnin sem er sett hér upp, er til viðbótar við fyrra markmið.

- Að stuðla að tölvulæsi svo nemendur fái notið þess að skapa með tækninni og eiga samskipti með tækninni við önnur börn.
- Með því að nýta okkur tæknina aukum við einnig víðsýni nemenda.

Tímalengd

Þemað *Ég sjálfur líkaminn minn og nánasta umhverfi* er unnið frá því í byrjun september þar til 30. nóvember og byrjar aftur 4. janúar

fram í maí . Verkefnið sem er sett hér upp er lítil hluti af verkefninu og spannar þrjár vikur eftir áramótin. En sérstök áhersla verður á tölvur og upplýsingatækni í þessum hluta þemans. Hópastarfið er í eina klukkustund á dag fjórum sinnum í viku, fimmta daginn er söngstund.

Hvaða kennarar standa að þemaverkefninu?

- Leikskólakennarinn og tölvukennarinn.

Samstarfsaðilar

Samstarf við alla innan leikskólans og við vina leikskólann sem er í öðrum landshluta.

Samsetning nemendahópsins

- Stærð hópsins fer eftir aldri barnanna . Í þessu verkefni er miðað við 5 – 6 ára gamla nemendur.

Áætlun fyrir hópastarf.

- Hérna koma hugmyndir að sjö kennslustundum í þemavinnu þar sem lögð er áhersla á tölvu tæknina og samskip við annan leikskóla. Þessi hluti beinist að “Ég sjálfur og nánasta umhverfi mitt”.



Stund 1

Heilsast:

Klappa nafnið sitt

Upphitun:

Syngja um litlu Gunnu og litla Jón

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Skoða bókina Húsið, finna aðra sögu um hús. Bækur með myndum af húsum bæði fræðibækur og listaverkabækur.

Spyrja opinna spurninga: Hvernig húsum búum við í?

Hvernig húsu eru til?

Fara í tölvuna á <http://www.skolavefurinn.is> Leikskóli, Sérkennsla,

Orð og mynd, Hús. Og leika sér að tengja saman orð og mynd.

Teikna síðan mynd af sínu húsi og klippa út.

Tjáning: Segja frá sínu húsi á myndinni.

Kvatt: Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Pappír
- Litir
- Skæri
- Vera búin að **Net** tengjast og sækja verkefnið
- Bókin um húsið
- Textann um litlu Gunnu og litla Jón.



Stund 2

Heilsast:

Klappa nafnið sitt.

Upphitun:

Syngja um Litlu Gunnu og litla Jón.

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Fara í vettvangsferð í næsta nágrenni skoða húsin, ræða um þau. Spyrja nemendurna um þeirra mat, er eitthvað hús sem ykkur finnst fallest, ljótt, hrörlegt, snyrtilegt. Skoða hvernig húsin eru í laginu, stór, lítil, mjó. Hvað er í húsunum? Hver skyldi eiga heima í húsunum? Hvernig vinna er unnin í húsunum? Taka samtölin uppá snældu (digtaphone). Taka myndir af húsunum. Og þeim í ferðinni. Benda nemendunum einnig á að skoða hús þegar þau eru á leiðinni í leikskólann með foreldrum sínum.

Tjáning:

Segja hvernig okkur fannst gönguferðin.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki

-

Upptökutæki (Digtaphone) Stafræn myndavél, ef hún er ekki til þá venjuleg.



Stund 3

Heilsast:

Syngja: Nú ætlum við að syngja hvað við heitum.

Upphitun:

Kasta bolta á milli og þegar nemandinn grípur á hann að segja götu og húsnúmer þar sem hann býr.

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Skoða bækurnar með húsunum, lesa sögu. Taka upp umræðu úr ferðinni daginn áður og athuga með að vinna með hana áfram. Skoða myndirnar sem voru teknar í síðustu kennslustund á myndavélina. Velja hvaða myndir við viljum nota. Setja þær inn í tölvuna og vinna með þær í kidpix þar sem þau geta bætt við og strokað út eins og þeim hentar. Prenta síðan út upprunalega mynd og myndina sem þau hafa búið til úr henni.

Tjáning:

Börnin segja frá myndunum og sinni upplifun að breyta húsunum eins og þau gerðu.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Tölvur, prentari, myndavélin
- Pappír
- Bók til að lesa



Stund 4

Heilsast:

Syngja nafnið sitt.

Upphitun:

Syngja

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Búa til eina stóra mynd með öllum húsunum sem þau hafa teiknað, tekið og búið til í tölvunni. Taka síðan mynd af listaverkinu.

Tjáning:

Segja frá myndinni og hvernig þeim finnst myndin þeirra vera.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Maskínupappír
- Þekjultitir
- Skæri
- Lím
- Penslar
- Málningarlímband
- Endurnýtanlegt efni t.d. greinar, steinar, þurrkaður gróður.
- Stafræn myndavél



Stund 5.

Heilsast:

Klappa nafnið sitt

Upphitun:

Syngja.

Kasta bolta á milli nemenda og segja hvernig húsið þeirra eru á litin.

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Skanna myndirnar í tölvuna. Setja upp sýningu á heimasíðunni með öllum myndunum af húsunum og sameiginlega verkefnið.

Gæti einnig verið síða hvers barns þar sem fyrir væri teiknuð sjálfsmynd og nafn barnsins og síðan kæmi teiknuð mynd af húsinu þeirra.(Portfolio – Sýnismappan þeirra á Netinu).

Tjáning:

Segja frá hvernig þeim fannst að vinna þetta verkefni, hvað var skemmtilegast, hvað var leiðinlegast, rökstyðja það.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Tölvur
- Skanni



Stund 6.

Heilsast:

Syngja, Nú ætlum við að syngja hvað við heitum.

Upphitun:

Kasta bolta og segja þær tegundir af húsum sem okkur dettur fyrst í hug t.d steinhús, blokk o.s.frv.

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Taka mynd með stafrænu myndavélinni af hópmyndinni. Setja hana á vefsíðuna og segja frá henni hverjir unnu hana og hvernig.

Búa síðan til bréf sem við sendum í vina leikskólann okkar. Börnin semja bréfið og við sendum þeim myndir eða vefslóðina á heima síðunni okkar og bjóðum þeim á sýningu á myndunum okkar. (Hugsað sem gagnkvæmt verkefni)

Tjáning: Segja frá hvað þeim finnst um hópastarfið í dag með rökstuðningi.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Tölvun
- Stafræn myndavél



Stund 7.

Heilsast:

Klappa nafnið sitt.

Upphitun:

Hugmyndir frá börnunum hvað þau vilja gera.

Upplifun, tilraunir eða rannsóknir:

Lesi bók og spjalla. Skoða tölvupóstinn, athuga með svarbréf frá vina leikskólanum. Lesi bréfið, prenta það út og skoða. Ef þau hafa sent okkur sína vefslóð og sýna sýningu, skoðum við hana. Prenta myndirnar þeirra út til að nota í verkefni í næsta hópastarfstíma.

Tjáning:

Ræða um tölvupóstinn, börnin segi hvað þeim finnst um þessi samskipti og myndirnar þeirra.

Kvatt:

Þakka fyrir samstarfið

Hjálpartæki:

- Tölvurnar
- Pappír til að prenta út myndirnar

Heimildaskrá

Aðalnámsskrá Leikskóla.1999.Menntamálaráðuneytið

Russel, Anne. L. 1996, February. American Educational communications and technology Association Convention, Indianapolis, Six stages for learning to use technology. <http://www.fed.qut.edu.au/russell/stages.html> 26.10.2000 (Greinin sótt á Netið)

<http://www.ismennt.is/not/lara/kennsla/greining> Fyrirlestur um þarfagreiningu. (skoðað á netinu 02janúar 2001)

<http://www.skolavefurinn.is> , Leikskólinn, þema, Líkaminn. (Sótt á Netið05.01.2001)